

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna Gilsárvirkjunar í Gilsárdal, Múlaþingi.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 17. mars 2026 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. desember 2025.

Í breytingunni felast áform um að reisa og reka nýja 6,7 MW vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá sem tengd verður dreifikerfi Raríks. Nýtt iðnaðarsvæði I16 er afmarkað, sjö ný efnistökusvæði E173-E179 eru skilgreind auk nýrrar vegtengingar upp að stíflustæði. Fyrir er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 17. mars 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 18. mars 2026